

105

26. maí

13. gr.
Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndarinnar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 300 kr., nema þyngri hegning liggja við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

106

26. maí

REGLUGERÐ

um holræsi í Bolungavík.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefndin setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsþjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist	5 ‰
— næstu — 5000.00 —	3 —
— því, sem þar er fram yfir greiðist	1,5 —

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt 1. gr. og holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu 2. ár eftir gjald-daga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. — Gjald-dagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

106

26. maí

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, nema þyngri refs-ing liggí við samkvæmt almennum lögum. — Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hiut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Holta- og Ásahrepps.

107

28. maí

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Holta- og Ásahrepps og skal heimili hans og varnarþing vera á Syðri-Rauðalæk í Holtahreppi.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera búsettir í forna Holtamannahreppi, og ábyrgjast þeir tjón það, er sjóðurinn kann að biða og getur ekki sjálfur staðizt, allt að 3000 kr. alls.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnar-umdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmetan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjör-tímabilinu